

Heimanám

- tilgangur og viðhorf

Guðný B. Karlsdóttir og Hreinn Þorkelsson

Ef þú mættir velja þér eitthvað til heimanáms, hvernig verkefni myndir þú velja?

“Ég myndi helst vilja læra íslensku því ég skil ekki alveg stærðfræðina og þá mundi vera of erfitt ef stærðfræðin væri alltaf. Og stundum skilja foreldrar mínir ekki einu sinni það sem ég þarf að læra í stærðfræði”.

Nemandi í 5. bekk í Njarðvíkurskóla

Efnisyfirlit

Myndaskrá	3
1. Inngangur	4
2. Forsendur heimanáms	5
2.1 Skilgreiningar á heimanámi.....	5
2.2. Tilgangur og framkvæmd heimanáms.....	6
3. Breytingar á þjóðfélaginu	8
4. Könnunin okkar	14
4.1 Þátttakendur.....	14
4.2 Spurningalistar.....	14
4.3 Framkvæmd	15
5. Niðurstöður ýmissa heimanámskannana.....	16
5.1 Kannanir á áhrifum heimanáms	16
5.2 Okkar könnun á áhrifum heimanáms	17
5.2.1 <i>Nemendur og heimanám</i>	18
5.2.2 <i>Foreldrar og heimanám</i>	22
5.2.3 <i>Kennarar og heimanám</i>	23
6. Umræður og túlkun á niðurstöðum.....	25
7. Lokaorð	26
Heimildir	28

Fylgiskjöl

1. Bréf til foreldra
2. Könnun fyrir kennara
3. Könnun fyrir foreldra
4. Könnun fyrir nemendur
 - a. Yngsta stig
 - b. Miðstig
 - c. Elsta stig
5. Glærur til kynningar á verkefni

Myndaskrá

Nemendakannanir:

Mynd 1 – Viðhorf nemenda í 2. - 3. bekk.....	bls. 18
Mynd 2 – Viðhorf nemenda í 4. – 7. bekk.....	bls. 18
Mynd 3 – Viðhorf nemenda í 8. – 10. bekk.....	bls. 19
Mynd 4 – Munur á viðhorfum á mið- og elsta stigi.....	bls. 19
Mynd 5 – Hvers vegna eiga nemendur að fá heimanám?.....	bls. 20
Mynd 6 – Hvers vegna eiga nemendur að fá heimanám?.....	bls. 20
Mynd 7 – Ástæður hvers vegna nemendur vilja ekki heimanám.....	bls. 21
Mynd 8 – Ástæður hvers vegna nemendur vilja ekki heimanám.....	bls. 21

Foreldrakönnun:

Mynd 9 – Viðhorf foreldra til heimanáms.....	bls. 22
Mynd 10 – Hversu mikilvægt telja foreldrar heimanám?.....	bls. 22
Mynd 11 – Hversu hæfilegt er heimanámið að jafnaði?.....	bls. 23

Kennarakönnun:

Mynd 12 – Finnst þér að nemendur þínir eigi að hafa heimanám?.....	bls. 23
Mynd 13 – Hvaða áhrif hefur heimanám á viðhorf nemenda til náms?.....	bls. 24

1. Inngangur

Höfundar þessarar ritgerðar sátu saman námskeiðið Rannsóknir á námi og kennslu á haustönn 2004 á námsbrautinni Kennslufræði og skólastarf við framhaldsdeild KHÍ. Þar var heimanám einn þáttur námsins, heill kafli í bók Goods og Brophys „*Looking in Classrooms*”. Mikil umræða skapaðist meðal nemenda um kaflann og sitt sýndist hverjum. Við ritgerðarsmiðirnir höfum svipaðar hugmyndir um tilgang heimanáms og þegar kom að því að velja lokaverkefni á námskeiðinu Hlutverk, ábyrgð og vinnubrögð umsjónarkennarans var heimanám ofarlega í hugum beggja og þá sérstaklega eftir lestur á námsefnisgrein eftir Deborah Tranter sem var skyldulesning á því. Við sáum fyrir okkur að slíkt verkefni gæti nýst í skólunum okkar og var það þungt á metunum við ákvarðanatökuna, að verkefnið gæti orðið til umbóta í skólastarfi.

Við höfum ítrekað staðið andspænis hugtakinu “fagmennska kennara” í framhaldsnáminu og fýsti því að kynna okkur rökstuðning kennara fyrir heimanámi. Einnig vöktu forvitni hinar ólíku skoðanir námssystkina okkar, sem áður er getið, á heimanámi. Við settum því fram tvær rannsóknarspurningar:

- i. Hvernig rökstyðja kennarar heimanám?
- ii. Hver eru viðhorf til heimanáms í skólasamfélaginu?

Stefnan var síðan sett á að afla upplýsinga um rannsóknir á heimanámi í hinum stóra heimi og hér á landi til þessa að leita svara, þá sérstaklega við fyrri rannsóknarspurningu okkar. Ennfremur sömdum við spurningalista til að kanna viðhorf til heimanáms, sem við lögðum fyrir kennara, nemendur og foreldra í skólunum, þar sem við störfum; Njarðvíkurskóla og Grunnskólanum í Stykkishólmi.

2. Forsendur heimanáms

2.1 Skilgreiningar á heimanámi

Allir aðilar sem koma að skólasamfélaginu virðast telja heimanám mikilvægan hluta af námi. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að í skólanámskrá skuli koma fram upplýsingar um þátttöku foreldra í skólastarfi og þar með talið heimanámi.¹

Þar segir einnig

*„að með auknum kynnum foreldra af daglegu starfi í skólanum og skipulegri samvinnu um skólastarfið, t.d. í tengslum við heimanám, aukast líkur á vellíðan nemenda og árangri.“*²

Fræðimenn í kennslu og skólamálum hafa sett fram skilgreiningar á heimanámi og virðast flestir hafa svipaða skoðun á hugtakinu heimanám og fyrir hvað það stendur. Cooper skilgreinir heimanám sem verkefni sem úthlutað er til nemenda af kennara og er ætlað að vinna fyrir utan skólatíma. Þó telur hann að verkefnin séu stundum unnin í skólanum, í heimanámstímum eða á bókasafni skólans.³ Lyn Corno segir að þó heimanám sé algengt í skólastarfi þá sé það ekki nauðsyn. Heimanám er ekki unnið undir umsjá kennara og getur því verið misjafnt hvaða aðstæður og stuðning nemendur hafa til heimanáms. Samkvæmt Corno er heimanám vinna en ekki leikur. Það á ekki að vera gaman en þarf að vera rétt sett fram þannig að það verði krefjandi, ánægjulegt og gefandi. Kennarar setja fyrir heimaverkefni sem hluta af stærri áætlun, námskránni. Heimavinna er hlutur sem allir vinna en ekki er þó nauðsynlegt að allir vinni sömu verkefnin. Verkefnin geta verið misjöfn, einstaklingsmiðuð, en þó ber að haga heimanámi þannig að allir geri eitthvað.⁴

¹ Aðalnámskrá grunnskóla, 1999:26

² Aðalnámskrá grunnskóla, 1999:45

³ Harris Cooper, 2001:3

⁴ Lyn Corno, 2000: 529-530

2.2. Tilgangur og framkvæmd heimanáms

Þegar við skoðum hvaða tilgang heimanám hefur koma fram margar ólíkar skoðanir. Við sjáum að sama skoðun kemur fram hjá mörgum fræðimönnum en mismunurinn liggur í því að þeir leggja mismikla áherslu á ólík atriði. Tilgangur heimavinnu getur verið kennslufræðilegur en þarf þó ekki að vera það. Stuðningsmenn heimanáms líta á það sem mikilvægt tæki fyrir samskipti milli skóla og heimilis, til að aðstoða nemendur við nám og til að nemendur læri sjálfstæði, ábyrgð og skipulagningu tíma síns. Andstæðingar heimanáms telja að þó að heimanám hafi þessar gildu og góðu ástæður þá bæti þær ekki upp fyrir öll þau vandamál sem það skapar eins og árekstra milli foreldra og barna auk þess sem það eykur á stéttaskiptingu í samfélaginu þar sem börn hafa ekki öll sömu tækifæri eða aðgang að aðstoð foreldra.⁵

Algengasta tilganginn telur Cooper vera að þjálfa eða rifja upp efni sem farið hefur verið yfir í kennslu og einnig að lesa til undirbúnings fyrir næstu kennslustund.⁶ Hann bendir þó á að sú ástæða sem oftast sé gefin fyrir heimanámi sé að efla skilning nemenda á efni sem búið er að fara yfir.⁷ Axelsen telur heimanám draga fram fyrri kunnáttu nemenda og þannig geti kennarinn fylgst með hvað nemendur ná ekki að tileinka sér. Það hjálpi nemendum að undirbúa sig fyrir nýja kunnáttu, gefi tíma til æfingar á atriðum sem kennd hafa verið í skólanum svo kunnáttan nái að festast í minni, kenni nemendum að skipuleggja tíma sinn auk þess sem hún sýni ábyrgð nemenda og kennara á námi.⁸ Einnig hafa verið dregin saman 10 atriði sem helst eru sett fram sem ástæður heimanáms. Þau eru:

- Æfing – að auka hraða, leikni og halda við kunnáttu.
- Undirbúningur – að undirbúa næsta tíma eða ljúka við það sem byrjað var á í skólanum.
- Þátttaka - að auka þátttöku hvers nemenda í hverju verkefni.

⁵ Thomas L. Good og Jere E. Brophy, 2003:393

⁶ Harris Cooper, 2001: 3

⁷ Harris Cooper, James J. Lindsey, Scott Greathouse og Barbara Nye, 1998:70

⁸ Judee K. Axelsen: 2001

- Persónulegur þroski - að byggja upp ábyrgð nemenda, þolinmæði, skipulag og sjálfsálit.
- Jafningjaáhrif – að hvetja nemendur til að vinna saman og örva þá til að læra hver af öðrum.
- Samband foreldra og barns – að stuðla að samskiptum milli foreldra og barna um skólamál, að kynna beitingu á skólavinnu í daglegu lífi og að efla skilning og stuðning foreldra á vinnu og framförum nemenda.
- Samband foreldra og kennara – að kennari geti upplýst og tengt fjölskylduna í námslegt starf nemandans og gera foreldrum kleift að vita hvað er verið að kenna í skólanum.
- Almennatengsl – að sýna samfélaginu að skólinn er alvarlegur vinnustaður þar sem heimavinna er unnin. Einnig er hægt að hafa skapandi verkefni þar sem nemendur vinna verkefni um nemandann og samfélagið.
- Stefna – að framfylgja stefnu skólayfirvalda um ákveðið magn heimanáms.
- Refsing – að refsa fyrir vandamál tengd hegðun eða vinnusemi.⁹

Þessi 10 atriði eru þó aðeins það sem hefur verið sett fram sem ástæður en eru ekki í réttari röð eða eiga ekki alltaf öll við. Það er síðan hvers og eins að mynda sér skoðun á því hvenær hvert og eitt atriði á við.

Mörgum finnst meginmarkmið heimanáms vera að nemendur læri að taka ábyrgð á verkum sínum auk þess sem að tækifæri gefist með heimanámi að þjálfa færni í lestri, skrift og reikningi en það eru námsgreinar sem þurfa mikla þjálfun.¹⁰ Margir skólar hafa unnið gæðahandbækur og nú eru alltaf að bætast við skólar sem eru að vinna mikið og gott starf í gæðastjórnun og gæðahandbókum fyrir skólastarfið. Þar kemur þáttur heimanáms inn og munum

⁹ Thomas L. Good og Jere E. Brophy, 2003:394-395

¹⁰ Guðbjörg Pálsdóttir, netheimild

við nýta þær upplýsingar sem fást úr könnun okkar með þessu verkefni í gæðahandbækur í skólunum þar sem við störfum. Í skólanámskrá Grunnskólans í Stykkishólmi segir að skólinn geri ráð fyrir að hluti af námi allra nemenda fari fram heima. Heimavinna er nauðsynleg til frekari þjálfunar ýmissa námsþátta og nefna þeir að lestrarnám byggist að verulegu leyti á reglulegri þjálfun heima. Með heimanámi þjálfast nemendur í einstaklingsvinnu auk þess sem foreldrar fá tækifæri til að fylgjast með námi og vinnubrögðum barna sinna.¹¹ Ekki er talað um tilgang með heimanámi á heimasíðu Njarðvíkurskóla, aðeins um tilhögun þess. Á heimasíðu Vallaskóla á Selfossi er talað um heimanám sem mikilvægur þjálfunarpáttur fyrir alla nemendur.¹² Í Grunnskólanum í Bolungarvík er heimanám talinn mikilvægur þáttur í skólagöngu barnanna og að það skapi foreldrum kjörinn vettvang til að fylgjast með námi barna sinna, örva þau og hvetja.¹³ Heiðarskóli í Reykjanesbæ segir á sinni heimasíðu að heimanám sé mikilvægur hluti af námi nemendanna og sé samvinnuverkefni skóla, foreldra og nemenda. Foreldrar fá með heimanámi gott tækifæri til að fylgjast náið með námi barna sinna og áhugi þeirra, aðstoð og hvatning er mjög mikilvæg og getur skipt sköpum um árangur nemenda.¹⁴ Digranesskóli í Kópavogi segir heimanám vera til að nemendur nái betri námsárangri og svo getur það verið góður tengiliður á milli heimila og skóla.¹⁵

3. Breytingar á þjóðfélaginu

Heimanám hefur verið við lýði svo lengi sem elstu menn muna. Sú skólagerð sem uppfóstraði heimanámið á rætur að rekja allt til iðnbyltingarinnar.¹⁶ Þegar

¹¹ Grunnskólinn í Stykkishólmi, netheimild

¹² Vallaskóli, netheimild

¹³ Grunnskóli Bolungarvíkur, netheimild

¹⁴ Heiðarskóli, netheimild

¹⁵ Digranesskóli, netheimild

¹⁶ David Hamilton, 1993:90

bændur fóru að vinna sinn vinnudag í verksmiðjum innan afmarkaðra tímasetninga í sérhæfðum störfum, varð minni þörf fyrir börn og unglunga við brauðstritið. Síðan hefur tíminn milli barnæsku og fullorðinsára þannig lengst jafnt og þétt.¹⁷ Ungu fólkið vildi nýta aukin frítímataækifæri til leikja, sem voru illa séðir meðal þeirra fullorðnu.¹⁸ Um þessa óumdeildu þroskaathöfn, leikinn, snýst umræðan talsvert í dag. Eitt viðhorf sem heyrir oft er að leikskólinn sé svo skipulagður að þar gefist börnunum of sjaldan tími fyrir frjálsan leik. Einnig kemur fram í könnun okkar að umtalsverður hluti nemenda vilji frekar eyða tíma sínum í leik með félögum, en sitja yfir heimanámi; finnist nóg að gert í skólanum. Það eru því lífseig umræðuefnin hjá mannkyninu og kemur kannski mörgum á óvart að við höfum ekki færst lengra frá forfeðrunum að þessu leyti. Börnin skulu vinna!

Aukinn frítími gaf möguleika á að setja börn í skóla, fyrst efnaðri drengi, en svo smám saman einnig stúlkur og börn efnaminna fólks.¹⁹ Gamla hefðir og gildi, sem snéru að iðjusemi og nýtingu tíma og fjár, héldu unga fólkinu við bækurnar. Þegar skóla lauk mátti ekki slæpast og slugska, heldur nýta tímann og þjálf hug og hönd. Konurnar sáu um heimilið og héldu jafnframt námsmönnum við efnið. Þetta vinnulag spannst auðvitað líka af ásetningu kennaranna til þess að búa nemendur sem best undir skóladaginn, og enn síðar að komast yfir sem mest námsefni. Þannig hefur heimanámið hafið innreið sína og verið snar þáttur í skólagöngu kynslóðanna æ síðan. Menntun hafði þróast frá því að ungviðið lærði af athöfnum þeirra eldri við daglegt líf, jafnt í erfiðleikum og velgengni, til þess veruleika sem við þekkjum í dag; staðbundinnar stofnunar með námsgreinaskiptri námskrá, sem hefur sjálfstætt líf ef svo má segja, því hún tengist nútímalífi í fæstum tilfellum.²⁰ Heimanámið er merkt þessari staðreynd. Þar sem ætti að vera breið brú með tveimur akreinum

¹⁷ David Hamilton, 1993:99

¹⁸ David Hamilton, 1993:100

¹⁹ David Hamilton, 1993:25

²⁰ David Hamilton, 1993:26 og 97

og umferð í báðar áttir, blasir við mjótt einstefnuræsi þar sem hugarheimur nemandans er hunsaður í langflestum tilfellum.²¹

Í bókinni „*Battle over homework*” greinir frá því að snemma á síðustu öld hafi heimanám verið tæki kennara til að þjálfa huga nemenda sinna. Þá hafi aðaláherslan verið lögð á minni og að nemendur lærðu utanbókar ártöl, nöfn og fleira slíkt. Síðan hafi heimanám breyst um 1940 og þrautalausnir urðu áberandi í heimanámi. Aðaláherslan var lögð á að nemendur sýndu frumkvæði og áhuga í námi sínu auk þess var talið að heimanám í þeirri mynd sem það hafði verið áður hafi tekið of mikinn tíma hjá nemendum. Síðan þá hafa fræðimenn komið fram með ýmsar kenningar um heimanám sem skólasamfélagið hefur tekið gildar og breytt tilhögun heimanáms eftir því.²² Þessar áherslur hafa alltaf átt erfitt uppdráttar, því einhvern veginn virðast kennararnir hneigjast til þess að miða yfirferðina við meðalnemandann og sjálfan sig. Það er kannski von því iðnbyltingarskólinn byggir á hugmyndum um að fjölfalda fróðleik til nemendahópa²³ og virkar hann best þegar hóparnir eru hvað líkastir að innri gerð. Hópar sem valið er í á einhvern þann hátt, sem tryggir sem flest sameiginleg einkenni innan hans, eru líklegastir til hámarks árangurs flestra meðlima hans. Þess vegna skekkist myndin þegar raðað er inn í námshópana eftir fáum atriðum eins og þeirri flokkunaraðferð sem ríkir og hefur ríkt í vestrænu skólakerfi um aldir, árgangaskiptingunni eða kennitöluröðuninni.²⁴ Þar eru allir einstaklingar sama árgangs settir í sama námshópinn, af því þeir eru fæddir á sama almanaksárinu. Engin önnur sameiginleg einkenni koma inn í það val. Þar eru því allar líkur á því að mjög ólíkir einstaklingar skipi hópinn/bekkinn, en vissulega má færa rök fyrir því að meirihlutinn sé á svipuðu róli, hvort sem horft er til vitsmunalegra þátta eða þroskastigs. Reyndar eru frávikin allmörg bæði fyrir ofan og neðan miðju, en í krafti fjöldans er lagt af stað í lærdómsferð í anda fjölföldunar og færibandavinnslu. En hvaða

²¹ Lyn Corno, 2000: 533

²² Harris Cooper, 2001: 1-2

²³ David Hamilton, 1993: 81

²⁴ David Hamilton, 1993: 83

vinnubrögð eru það að miða við „mannlegt meðaltal”, sem býður heim einhverju hallærislegu miðjumoði? Heimavinnan lýtur sömu lögmálum. Reglan er að setja öllum eins fyrir; allir fá sömu meðaltalsheimavinnuna. Lyn Corno segir að of flókin heimaverkefni kalli fram vanmáttarkennd og kenni hjálparleysi hjá þeim hluta bekkjar, sem ekki er eins vel í stakk búinn til námsafreka.²⁵ Corno heldur því líka fram að skólinn leggi alltof mikla áherslu á bóklestur og staðreyndakunnáttu í heimanámi á kostnað verkefna sem miðuð eru út frá heimi nemandans og áhugamálum; allt frá því að skipuleggja máltíð fyrir 100 manns til þess að greina merki um heimilisofbeldi; frá því að halda tölfræðiskrá á eyðublaði til þess að leggja latnesk heiti sjávarfiska á minnið.²⁶ Margir kennarar og foreldrar telja heimanám mikilvægt vegna þess að það þjálfar ábyrgðartilfinningu barna og sjálfsaga. Corno fellst á það með þeim formerkjum að fullorðnir hafi hönd í bagga og hjálpi til við þjálfunina. Heimavinnan sjálf, sem slík, hafi ekki þessi áhrif.

Corno heldur því enn fremur fram að það sé vandi að auka áhugann á námi með heimaverkefnum. Kennarinn verði að treysta á hjálp foreldra heima við og fara vel yfir heimaverkefnin með barninu þegar í skólann er komið.²⁷ Þetta rímar einfaldlega við þá aldagömlu visku að hvað gamall temji sér, nemi sá ungi.

Með örum þjóðfélagsbreytingum síðastliðna áratugi hafa kröfur til skólakerfisins jafnframt breyst. Bæði kynin hafa sótt út á vinnumarkaðinn síðustu áratuginu og þar af leiðandi hafa foreldrar minni tíma aflögu og/eða eru verr upplögð til að nostra við börnin sín heima við, þar með talið að aðstoða þau við heimanámið. Kröfur um einsetningu grunnskólans og lengri skóladag eru afkvæmi þessa gjörbreytta fjölskyldulífs. Þjóðfélagsgerðin færir brauðstritið á herðar beggja foreldranna, sem axla sínar byrðar á kostnað dýrmætu fjölskyldustundanna. Helmingi meira vinnuálag til þess að halda uppi færri

²⁵ Lyn Corno, 2000:531

²⁶ Lyn Corno, 2000:533

²⁷ Lyn Corno, 2000:539

einstaklingum er orðið að veruleika hjá venjulegum fjölskyldum í þjóðfélögum samtímans. Og foreldrar skirrast ekki við að viðhalda gömlu venjunum, sem þau tömdu sér á sinni skólagöngu; færa þær yfir á börnin sín af því að „svona var þetta í mínu ungdæmi”. Rannsóknir sýna líka að kennarar hneigist til að kenna eins og gömlu kennararnir þeirra kenndu þeim.²⁸ Það hefur líka verið gefið út að 57% ungra kennara hafi tilhneigingu til þess að hverfa frá fjölþarfakennslu (einstaklingsmiðaðri) að kennsluháttum uppfræðarans við töfluna.²⁹ Það er freistandi að yfirfæra þessar staðreyndir á heimanám og skipulag þess. Það sjást a.m.k. ljósritaðar vikuáætlanir, eins fyrir allan bekkinn, víða í skólum landsins í dag.

Það er því forvitnilegt að fræðast um hug vinnuþvældra foreldra til heimanámsins, einkum í ljósi þeirrar umræðu að lenging skóladagsins gæti létt þann þátt námsins. Það eru heldur betur skiptar skoðanir um þetta. Margir foreldrar hafa lýst þeirri skoðun sinni að þeir vilji fylgjast með því sem börnin eru að fást við í skólanum. Þetta er e.t.v. greiðasta eftirlitsleiðin því það má vera hverjum manni ljóst að skólar eru í eðli sínu lokaðar stofnanir og hafa enda verið notaðir sem stjórnþæki til félagslegra breytinga allt frá siðaskiptum með því að takmarka áhrif foreldranna á uppeldi og menntun barnanna.³⁰ Vinnudagur barnanna hefur líka lengst svo um munar. Heilum 8 stundum eða 36% munar á kennslustundafjölda annars bekkings milli árána 1989 og 2002 þegar ákvæði aðalnámskrár frá 1996 komu að fullu til framkvæmda.³¹ Það hlýtur að vera brýnt umhugsunarefni hvaða vinnuálag við leggjum á ung börn í skólanum í dag. Það er ljóst af könnun okkar að umtalsverður hluti barna kann ekki að meta heimanám, þar eru greinilega einhverjir pottar brotnir. Þeir gætu verið úr skápum skólans og þeir gætu líka verið úr skápum heimilanna. Séu þeir úr skápum heimilanna þurfa skólinn og kennararnir að taka því sem gefnu og leggja ekki óbærilegar byrðar á ungar axlir að dröslast með heim úr skólanum.

²⁸ Good og Brophy, 2003: 48

²⁹ Good og Brophy, 2003: 499

³⁰ David Hamilton, 1993: 28

³¹ Lög um grunnskóla nr. 77, 1996: 5. gr.

Séu brotnir pottar hjá kennurum skólans, þurfa pottasmiðir þar á bæ að lóða í sprungurnar með því að móta skýra stefnu um heimanám. Það þýðir með öðrum orðum að festa það í skólaskjöl að gengið sé brosandí og markvisst til móts við ólíkar þarfir og aðstæður allra þeirra einstaklinga, sem sækja nám við skólann.

Einn þáttur, sem snýr að tíma barnanna, er ónefndur enn, en það er hin gríðarlega aukning á framboði á afþreyingu. Aðgengi að afþreyingu er krafa samfélagsins, sem hefur enn hert barnagæslutilhneiginguna og lengt tímenn milli æsku og fullorðinsára. Krafa um umönnun nánast frá fæðingu til fullræðis hefur litið dagsljós fyrir nokkru síðan, því foreldrarnir þurfa báðir að vinna úti. Afþreyingariðnaðurinn blómstrar í formi fjölbreytts íþrótta-, lista- og tómnundastarfs. Þátttaka barna og unglínga í þessari starfsemi kostar penínga úr heimilissjóðum og eru skráð á stundatöflu þeirra. Á langflestum heimilum og reyndar hjá framkvæmdaaðílum líka, er gengið út frá því sem gefnu að skyldumæting sé á æfingarnar og/eða fundina, þar sem starfið fer fram. Oft fer starfsemi fram 2-3 sinnum í viku, þannig að tíminn sem fer í starfið og ferðir milli heimilis og starfsstaðar er ansi drjúgur. Þá er ótalinn hlutur sjónvarps, myndbanda og diska og síðast en ekki síst tölvuleíkjanna. Vinsældir þeirra eru geysilegar og jafnast víða á við stríðsyfirlýsingu foreldra gegn afkvæmum sínum, að ætla að skerða tímann sem börnin vilja eyða fyrir framan skjáina. Það er því oftast en ekki siglt milli skers og báru, farið bíl beggja, þegar þessi mál eru rædd á heimilinu. Það má því ljóst vera að tími barnanna er þaulskipulagður í besta lagi, en ofsetinn í versta falli. Í ljósi þessa hlýtur spurningin um tilverurétt heimanáms í nútímasamfélagi að skjóta upp kollinum. Hvernig á að byggja upp þá þætti sem “heimanáms / heimastuðnings” pakkinn á að þjálfa hjá börnunum og gera þau þannig að hæfari þegnum ef sjaldan eða aldrei gefst upplagður tími til starfans? Væri ef til vill möguleíki að þjálfa þessa þætti með öðrum hætti í skólastarfinu? Við þessum spurningum er ekkert einhlítt svar, en mest er um vert að heimanámsgrýlunni sé útrýmt og í annan stað að heimanám sé ekki sett

fyrir bara af því að mamma, pabbi og kennarinn þurftu að glíma við það í sinni æsku.

4. Könnunin okkar

4.1 Þátttakendur

Könnunin tók til þriggja mismunandi hópa. Þeir voru kennarar við Njarðvíkurskóla og Grunnskólann í Stykkishólmi, nemendur í fyrrgreindum skólum ásamt foreldrum þeirra. Ákveðið var að leita eftir viðhorfum allra þessara hópa þar sem þeir koma að heimanámi með einum eða öðrum hætti. Skólarnir sem könnunin var lögð fyrir urðu fyrir valinu þar sem þeir eru vinnustaðir okkar og getum við því nýtt okkur niðurstöður hennar í starfi okkar. Könnunin var lögð fyrir alla nemendur skólans fyrir utan nemendur í 1. bekk þar sem við töldum lestrarkunnáttu, lesskilning og málskilning þeirra ekki nógu áreiðanlegan. Skil voru mjög góð og ber þar helst að þakka hversu vel skólastjórnendur okkar tóku vel í fyrirlögn þessa enda vissir um að niðurstöður nýttist skólanum í starfi.

Tafla 1: Skipting á fjölda þátttakenda á milli skóla

Skóli	Fjöldi (skil) nemenda	Fjöldi (skil) kennara	Fjöldi (skil) foreldra
Grunnskólinn í Stykkishólmi	168 (84%)	13 (54%)	146 (73%)
Njarðvíkurskóli	321 (87%)	22 (63%)	193 (52%)
Samtals	489	35	339

4.2 Spurningalistar

Samdir voru þrenns konar spurningalistar auk þess sem spurningalistar fyrir nemendur voru þrenns konar (sjá fylgiskjal 4a, b og c). Við skiptum nemendum

niður í stig eftir aldri, yngsta stig (2.-3. bekkur), miðstig (4.-7. bekkur) og elsta stig (8.-10. bekkur). Spurningar okkar vörðuðu helst viðhorf þátttakenda til mikilvægis heimanáms auk þess að kanna framkvæmd heimanáms í skólunum. Spurningalistar til kennara tóku einnig til þess hvort heimanámið væri einstaklingsmiðað og hver viðbrögð þeirra væru við vanskilum nemenda á heimanámi og aðstoð foreldra (sjá fylgiskjal 2). Í spurningalistum til foreldra spurðum við einnig um hversu hæfilegt að þyngd og magni þeir teldu heimanám vera og hversu hæfir þeir teldu sig vera til aðstoðar í mismunandi greinum (íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, ensku og dönsku) (sjá fylgiskjal 3). Nemendur á miðstigi og elsta stigi voru einnig spurðir um tilgang heimanáms auk þess sem kannað var hve mikla aðstoð þeir fá við heimanámið. Öllum hópum var síðan gefinn kostur á að skrifa athugasemdir og komu þar fram ýmsar þarfar og góðar ábendingar.

4.3 Framkvæmd

Könnunin var lögð fyrir í síðustu vikunni fyrir páska en áður en hún var lögð fyrir sendum við bréf heim til foreldra þar sem þeir voru beðnir um að taka þátt og um að veita börnum sínum leyfi til að taka þátt í könnuninni (sjá fylgiskjal 1). Engir foreldrar óskuðu eftir því að börn þeirra tækju ekki þátt. Umsjónarkennarar lögðu könnunina fyrir nemendur í flestum tilfellum, en þar sem því var ekki við komið aðstoðuðu aðrir kennarar okkur. Fyrirlögnin tók stuttan tíma, nemendur voru almennt jákvæðir og unnu könnunina mjög sjálfstætt. Þeir virtust skilja spurningarnar vel. Umsjónarkennarar sáu um að senda heim bréf og könnun til foreldra og innheimtu listana einnig fyrir okkur. Kennarar svöruðu spurningalistunum hver fyrir sig.

5. Niðurstöður ýmissa heimanámskannana

5.1 Kannanir á áhrifum heimanáms

Áhrif heimanáms á nemendur eru greinileg bæði á meðan skólagöngu stendur og einnig telja fræðimenn að áhrifanna gæti þegar nemendur eru orðnir fullorðnir og komnir út á vinnumarkaðinn. Rannsóknir sýna að þeir nemendur sem sinna heimanámi á markvissan hátt standi sig betur í skóla en þeir sem sinna því illa.³²

Ef skoðuð eru jákvæð áhrif heimanáms þá birtast þau bæði í skammtíma og langtíma afleiðingum. Nemendur ná betur að tileinka sér og skilja námsefnið. Þeir ná betur að vinna úr þeim upplýsingum sem kennari hefur farið yfir í kennslu og geta skoðað þær með gagnrýnum hug. Nemendur öðlast betri námsvenjur og mynda sér jákvæðari sýn á skólann. Þeir öðlast meiri sjálfstjórn og sjálfsaga auk þess sem nemendur verða skipulagðari og sjálfstæðari. Jákvæð áhrif stuðla einnig að betri samskiptum við foreldra og aukinni þátttöku þeirra í skólastarfi.³³ Neikvæð áhrif eru hins vegar þegar nemendur missa áhuga á öllu námsefni og finna til líkamlegrar og andlegrar þreytu. Þeir missa af ýmsu sem er að gerast t.d. í vinahópnum eða í félagslífi skólans auk þess sem þeir geta upplifað mikinn þrýsting frá foreldrum um að standa sig vel og fá góðar einkunnir. Það getur leitt til þess að nemendur fara að svindla á heimanámi með því að fá verkefnin frá öðrum nemendum eða fá of mikla hjálp heima. Einnig eykur heimanám á mismunun á milli góðra og slakra námsmanna.³⁴

Ef bornar eru saman þær rannsóknir sem hafa verið gerðar í Bandaríkjunum á áhrifum heimanáms kemur í ljós að í 70% tilvika koma fram jákvæð áhrif heimanáms en þó eru ýmsir þættir sem ber að skoða nánar. Jákvæð áhrif eru sýnilegri hjá eldri nemendum og einnig skiptir máli hvaða námsgrein er verið að fjalla um auk þess sem hægt var að greina mun á því hvaða þátt innan

³² Heimili og skóli, netheimild

³³ Harris Cooper, 2001: 6-7

³⁴ Harris Cooper, 2001: 8-10

einstakra námsgreina var verið að þjálfra, eins og í stærðfræði.³⁵ Hjá yngri nemendum koma fram viðhorf eins og að heimanám sé bara meiri skólavinna sem þeir þurfa að vinna til að fá velþóknun fullorðinna eða til að sanna fyrir kennaranum að þeir hafi verið að hlusta í kennslustundum.³⁶

Í rannsókn á heimanámi sem gerð var á Íslandi árið 2002 af nemendum í framhaldsdeild KHÍ kemur í ljós að þeir þrír hópar sem voru spurðir, kennarar, foreldrar og nemendur, telja að heimanám eigi fyllilega rétt á sér.³⁷ Það er þó spurning hvort sú skoðun þessara þriggja hópa sem mynda skólasamfélagið sé byggð á þeirra persónulegu skoðun eða hvort þeim finnist heimanám vera mikilvægt vegna sögulegs gildis eins og höfundur greinarinnar „*What is it about homework*“ bendir réttilega á sem hugsanlega skýringu á viðhorfum almennings í samfélaginu til heimanáms.³⁸

5.2 Okkar könnun á áhrifum heimanáms

Mjög góð skil voru hjá nemendum enda nutum við góðs skilnings hjá samkennurum okkar og ber að þakka þeim fyrir. Við erum einnig mjög ánægð með skil frá foreldrum og munum við koma niðurstöðum könnunarinnar á framfæri við þá enda kom það fram á nokkrum svarblöðum frá foreldrum að þeir óskuðu eftir því að niðurstöður yrðu kynntar. Eitt foreldri óskaði sérstaklega eftir því að hægt yrði að nálgast niðurstöður á netinu. Einnig voru þó nokkrir foreldrar sem hrósuðu þessu framtaki okkar, töldu það löngu þarft.

Við myndræna framsetningu niðurstaðna fékk hvor skóli sinn lit, Grunnskólinn í Stykkishólmi er appelsínugulur og Njarðvíkurskóli er grænn. Við skiptum umfjöllun á niðurstöðum í þrjá hluta, nemendur og heimanám, foreldrar og heimanám og að lokum kennarar og heimanám.

³⁵ Harris Cooper, 2001: 14-15


³⁶ Lyn Corno, 2000: 537

³⁷ Áslaug Þorsteinsdóttir og fl., 2003: 58

³⁸ Deborah Tranter, 2003:52


5.2.1 Nemendur og heimanám

Lagðar voru fyrir þrjár mismunandi kannanir eftir aldri nemenda. Á yngsta stigi, 2.-3. bekk, voru nemendur í Njarðvíkurskóla jákvæðari fyrir heimanámi heldur en í Stykkishólmi (sjá mynd 1) þó meirihluti nemenda í Stykkishólmi hafi síðan svarað að þeim fyndist að nemendur ættu að fá heimanám. Í könnun yngstu nemendanna var mjög áberandi að þau eru að fá hjálp við heimanámið heima sem við sem kennarar erum mjög ánægðir með.




Mynd 1 – Viðhorf nemenda í 2.-3. bekk

Þegar við könnuðum hug nemenda á miðstigi, 4. til 7. bekk, þá er greinilegt að viðhorfið er að breytast og verða neikvæðara (sjá mynd 2) og þegar horft er á



Mynd 2 – Viðhorf nemenda í 4. – 7. bekk

elsta stig grunnskólans, 8. til 10. bekk þá eru nemendur orðnir mjög neikvæðir gagnvart heimanámi (sjá mynd 3).




Mynd 3 – Viðhorf nemenda í 8. – 10. bekk

Ef skoðaður er munur á milli skólanna þá eru nemendur í Grunnskólanum í Stykkishólmi aðeins jákvæðari, bæði á miðstigi og elsta stigi. En þó svo að það sé hátt hlutfall nemenda á miðstigi sem finnst leiðinlegt eða mjög leiðinlegt þá svarar meirihluti þeirra að nemendur eigi alltaf eða stundum að fá heimanám.

Sama niðurstaða kemur fram hjá nemendum á elsta stigi en


þar eru þó fleiri sem finnst að nemendur eigi ekki að fá heimanám (sjá mynd 4).



Mynd 4 – Munur á viðhorfum á mið- og elsta stigi


Ástæður þess sem nemendur á elsta stigi gáfu þegar þeir voru spurðir hvers vegna þeir ættu að vinna heimanám voru helstar að ljúka við efni sem ekki tókst að ljúka í skóla og þjálfar þætti sem hafa verið kenndir í skólanum.

Nemendur í Stykkishólmi nefndu oftast möguleikann að frumlesa efni fyrir næsta tíma og hlutfallslega fleiri nemendur í Njarðvíkurskóla töldu heimanám mikilvægt til að undirbúa framhaldsnám sitt (sjá mynd 5).




Mynd 5 – Hvers vegna eiga nemendur að fá heimanám?

Sömu niðurstöður komu fram hjá miðstiginu, 4. – 7. bekk. Helst töldu nemendur mikilvægt að ljúka við efni sem ekki var klárað í skóla og að þjálfar þætti sem búið er að fara yfir í skóla (sjá mynd 6).



Mynd 6 – Hvers vegna eiga nemendur að fá heimanám?


Þeir nemendur sem merktu við að þeir vildu ekki fá heimanám nefndu helstu ástæður þess, að þeir vildu nýta tíma sinn í annað, bæði nemendur í Njarðvík og í Stykkishólmi. Einnig að þeim fyndist nóg gert í skólanum og að það væri hundleiðinlegt (sjá mynd 7).



Mynd 7 – Ástæður hvers vegna nemendur vilja ekki heimanám

Hlutfallslegur munur er á nemendum skólanna í svörum þar sem þeir segja það of erfitt að vinna verkefni sem ekki hefur verið farið yfir í skóla og eru fleiri nemendur úr

Njarðvíkurskóla sem merkja við það, bæði á miðstigi og elsta stigi (sjá mynd 7 og 8)




Mynd 8 – Ástæður hvers vegna nemendur vilja ekki heimanám

Það kom einnig fram að hlutfallslega fleiri nemendur í Njarðvíkurskóla á elsta stigi þótti heimanámið of þungt, þörf ábending sem verður komið til kennara þar.


5.2.2 Foreldrar og heimanám

Sama könnunin var lögð fyrir alla foreldra þar kom greinilega í ljós að mikill meirihluti foreldra er hlynntur því að nemendur vinni heimanám (sjá mynd 9) og telja mikilvægt að nemendur vinni heimanám.




Mynd 9 – Viðhorf foreldra til heimanáms

En eins og sést á mynd 10 merkir mikill meirihluti foreldra við að heimanám sé mikilvægt eða mjög mikilvægt.



Mynd 10 – Hversu mikilvægt telja foreldrar heimanám?


Þegar foreldrar eru spurðir um hversu hæfilegt þeir telji heimanám barna sinna þá svarar meirihluti þeirra að þeir telji það vera hæfilegt, ekki of þungt né of létt. Þó kemur fram munur á skólunum þar sem fleiri foreldrar nemenda úr Njarðvíkurskóla svara að heimanámið sé þungt, sem samræmist niðurstöðum frá nemendum skólanna (sjá mynd 11)



Mynd 11 – Hversu hæfilegt er heimanámið að jafnaði?


5.2.3 Kennarar og heimanám

Í könnun sem lögð var fyrir kennara kom áberandi fram að kennarar eru hlyntir því að nemendur vinni heimanám (sjá mynd 12).



Mynd 12 – Finnst þér að nemendur þínir eigi að hafa heimanám?

Þau rök fyrir heimanámi sem samkennarar okkar telja mikilvægust eru að þjálfa atriði úr skóla, heimanám til æfingar og þjálfunar á atriðum sem kennd hafa verið í skóla ásamt því að foreldrar geti fylgst með námi barna sinna. Fræðimenn í skólamállum hafa einnig bent á að heimanám gefur kennurum sýn á hversu vel nemendur skilja námsefnið og hvar erfiðleikar þeirra liggja.³⁹ Það sem okkur þótti áberandi í niðurstöðum og svarar þeirri rannsóknarspurningu sem við lögðum upp með, er að langflestir kennarar í kennarahópnum okkar telja heimanám hafa jákvæð áhrif á viðhorf nemenda til náms (sjá mynd 13).



Mynd 13 – Hvaða áhrif hefur heimanám á viðhorf nemenda til náms?

Að vísu fengum við athugasemdir við þessa spurningu um að heimanám hefði jákvæð áhrif á nám ef foreldrar aðstoða og eru sjálfir jákvæðir gagnvart heimanámi og einnig að áhrifin séu breytileg eftir getu nemendanna. Einnig voru fjórir kennarar sem skrifuðu við spurninguna að heimanám gæti haft misjöfn áhrif.

³⁹ Lyn Corno, 2000: 541

6. Umræður og túlkun á niðurstöðum

Niðurstöður okkar sýna greinilega að á fyrstu árum nemenda í skólanum eru þau jákvæð fyrir heimanámi, finnst gaman að læra heima. Áhuginn og gleðin virðist síðan dofna eftir því sem árin í skólanum verða fleiri og á elsta stigi eru flestir nemendur orðnir mjög neikvæðir gagnvart heimanámi, finnst nóg sem gert er í skólanum og vilja nýta frítíma sinn í eitthvað annað. Einnig merkja sumir nemendur við að þeim finnist heimanámið vera of þungt og erfitt að læra heima það sem ekki hefur verið farið yfir í skóla. Þetta er greinilega eitthvað sem við kennararnir verðum að athuga hjá okkur. Foreldrar og kennarar virðast hins vegar mjög ákveðnir í því að nemendur eigi að fá heimanám, þó eru kennarar hlutfallslega jákvæðari eða 92% kennara í Stykkishólmi og 95% kennara í Njarðvíkurskóla svöruðu að þeim finnist nemendur eigi að fá heimanám. Kennarar eru einnig flestir vissir á því að heimanám hafi jákvæð áhrif á nemendur.

7. Lokaorð

Ekki hefur verið fjallað um allar niðurstöður úr könnuninni, þar sem hún var mjög víðtæk. Við notuðum þá þætti hennar sem við töldum gefa svör við rannsóknarspurningum okkar, en vildum endilega nýta tækifærið sem fyrirlögn eins og þessi býður upp á og ákváðum því að gera meira úr könnuninni. Aðrar niðurstöður munu væntanlega nýtast skólastarfinu í hvorum skóla fyrir sig.

Kennarar virðast rökstyðja heimanám nemenda sinna með ýmsum ástæðum, öllum jafngildum, en þeir foreldrar sem tóku þátt í okkar könnun virtust helst telja þjálfun á atriðum sem búið er að fara yfir í skóla, sem kallast á við fyrri ábendingar um þungt heimanám. Einnig til að foreldrar gætu fylgst með námi barna sinna.

Það er kannski líka komin tími til að líta fram hjá öllum deilum um heimanám, um afleiðingar og árangur. Aðalmálið er að skólafólk sé meðvitað um hvernig það er nýtt, hverskonar verkefni eru lögð fyrir. Heimanámið er órjúfanlegur hluti af skólastarfi dagsins í dag og dregur dóm af því. Samfélagið hefur lykiláhrif á ferli þess og árangur. Hjá sumum fjölskyldum eru foreldrar börnum sínum sá stuðningur og styrkur sem heimanám krefst, en einnig geta nemendur fengið upplýsingar til lausnar verkefna úr bókum, tímaritum, eldri systkinum eða af internetinu. Tilvalið væri að nýta ferðir á söfn, á körfuboltaleiki eða aðra viðburði sem tengjast áhugasviði nemenda og eru tilefni verkefna en nemendur verða að hafa fengið þjálfun í slíkum verkefnum til þess að njóta þess að vinna þau. Hin dæmin eru alltof mörg þar sem neikvæð reynsla og viðhorf safnast upp og halda fjölskyldulífinu í tímafrekum heljargreipum eða bitru stríðsástandi. Það eru auðvitað þessi tilvik sem þarf að uppræta, þar liggur stóri heimanámsvandinn.

Heimavinna á ekki að vera fjölfölduð innfyllingarvinna eða einsleit skriftarverkefni. Hún á að vera skapandi vinna í áhugaheimi hvers nemanda. Ljóst er að þeir fullorðnu í könnun okkar, foreldrar og kennarar, eru fylgjandi

heimanámi en hvort það er af gömlum vana skal ósagt látið. Nemendur hins vegar virðast þreytast á heimanámsvinnu eftir því sem árin þeirra verða fleiri við grunnskólann.

Vinna við þessa könnun og síðan við ritgerðina hefur gert okkur áhugasamari um rannsóknir í skólastarfi og erum við ekki í neinum vafa um mikilvægi þeirra í leit að betra skólastarfi og betri líðan allra sem koma að því – kennara, foreldra og síðast en ekki síst nemenda.

Reykjanesbær/Stykkishólmur, 28. apríl 2005

Guðný Björg Karlsdóttir

Hreinn Þorkelsson

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. 1999. [Reykjavík], Menntamálaráðuneytið.

Axelsen, J. K., 2001. *Whose Homework Is this Anyway*. Sótt 13. mars 2005 á slóðina <http://www.newhorizons.org/lifelong/adolescence/axelsen.htm>

Áslaug Þorsteinsdóttir, Garðar Páll Vignisson, Gyða Arnmundsdóttir, Hanna G. Birgisdóttir, Kristín Magnúsdóttir, Margrét Tryggvadóttir og Margrét Þorvaldsdóttir. 2003. *Heimanám, viðhorf – skipulag – framkvæmd*. Óbirt Diplomaverkefni, Kennaraháskóli Íslands, Sérkennslufræði – framhaldsdeild.

Cooper, H., J. J. Lindsay, S. Greathouse, og B. Nye, 1998. Relationships among attitudes about homework, amount of homework assigned and completed and student achievement. *Journal of Educational Psychology*. 90, (1). 70-83.

Cooper, Harris M. 2001. *The battle over homework*. Corwin Press. Thousand Oaks.

Corno, L. 2000. Looking at homework differently. *The Elementary School Journal*. May.

Digranesskóli, *Skólanámskrá – leiðarvísir*. Sótt 5. apríl 2005 á slóðina <http://digranesskoli.kopavogur.is/Leidarvisir/upplýsingar.htm#heimav>

Good, Thomas L. og Jere E. Brophy. 2003. *Looking in classrooms*. 9. útg. Pearson Education, Inc. Boston

Guðbjörg Pálsdóttir. *Heimanám*. Sótt 5. apríl 2005 á slóðina <http://foreldrar.menntagatt.is/Heimanam/Glaerur1/default.aspx>

Grunnskóli Bolungarvíkur, *Skólastarfið*. Sótt 5. apríl 2005 á slóðina <http://www.bolungarvik.is/skoli/skolastarfid.htm>

Grunnskólinn í Stykkishólmi, *Skólanámskrá*. Sótt 5. apríl 2005 á slóðina <http://www.stykk.is/skoli/namskra0405.pdf>

Hamilton, David. 1993. *Að fræðast um uppeldi og menntun..* [Íslensk þýðing Bjarni Bjarnason og Ólafur Proppé.] Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Heiðarskóli, *Skólanámskrá*. Sótt 7. apríl 2005 á slóðina <http://www.heidarskoli.is/texti/namskra0506.pdf>

Heimili og skóli. (4. apríl 2005), *Heimanám*. Sótt 7. apríl 2005 á slóðina <http://www.heimiliogskoli.is>

Lög um grunnskóla nr. 77/1996, (5. gr.)

Tranter, Ceborah. 2002. What is it about homework. John Loughran, Ian Mitchell og Judie Mitchell (ritstjórar), *Learning from teacher research*. Bls. 37-56. New York: Teachers College Press

Vallaskóli, *Heimanám*. Sótt 5. apríl 2005 á slóðina <http://www.vallaskoli.is/page.asp?id=906>